



Velferðarnefnd Alþingis

Kópavogur, 25. janúar 2021
Mál 356 – Þingskjal 442

Efni: Umsögn velferðarsviðs Kópavogs um frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála sem lagt var fram á 151. löggjafarþing 2020–2021.

Velferðarsvið Kópavog fagnar framkomnum tillögum að breytingum á þeim ríkisstofnunum sem koma að málefnum barna og fjölskyldna. Sviðið tekur undir að mikilvægt sé að stuðningur við stjórnvöld, ráðgjöf varðandi einstök mál og uppbygging og rekstur úrræða sé aðskilinn frá eftirliti með framkvæmd laga og gæðum þjónustu.

Velferðarsvið Kópavogs leggur áherslu á að samspil nýrrar Gæða- og eftirlitsstofnunar við önnur lög og stjórnvöld verði skýrt. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í samráðsferli hafi borist ábendingar um samspil stofnunarinnar við úrskurðarnefnd velferðarmála. Velferðarsvið er sammála þeirri skilgreiningu löggjafans að ákvarðanir um rétt og skyldur einstaklinga, t.d. rétt til tiltekinna þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og skyldur einstaklinga til meðferðar eða úrræða samkvæmt barnaverndarlögum, lúti endurskoðunarvaldi úrskurðarnefndar velferðarmála en að þjónusta sem er veitt á grundvelli eða í kjölfar slíkra ákvarðana lúti eftirliti Gæða- og eftirlitsstofnunar. Þannig er tryggt að ekki er unnt að kvarta til Gæða- og eftirlitsstofnunar yfir málsmeðferð stjórnsýslumála sem lýkur með ákvörðun sem er kæránleg til úrskurðarnefndar.

Í samráðsferlinu komu jafnframt fram ábendingar um samspil laga um Gæða- og eftirlitsstofnun við lög um réttindagæslu fatlaðs fólks. Þar kemur fram að tekin hefur verið ákvörðun um að réttindagæsla fyrir fatlað fólk verði ekki verkefni Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála þar sem ekki sé talið að eftirlitsverkefni stofnunarinnar fari saman við tiltekin verkefni réttindagæslumanna. Velferðarsvið Kópavogs telur afar mikilvægt að hlutverk réttindagæslumanna verði skýrt þannig að kvartanir fatlaðra notenda þjónustu berist til Gæða- og eftirlitsstofnunar skv. 3. gr. lagafrumvarpsins þar sem kveðið er á um að stofnunin taki á móti og vinni úr kvörtunum frá notendum þjónustu. Skv. greinargerð frumvarpsins eru lagðar til breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011 þannig að hlutverk réttindagæslumanna samræmist tilkomu stofnunarinnar. Þar er lagt til að bætti verði við ákvæði um að réttindagæslumenn geti aðstoðað fatlað fólk við að snúa sér til Gæða- og eftirlitsstofnunarinnar með kvörtun eða ábendingu. Þessi skipting ábyrgðar milli stofnunarinnar og réttindagæslunnar verður að vera öllum ljós og skila sér í breyttu verklagi við meðferð kvartana notenda.

Virðingarfyllst f.h. velferðarsviðs Kópavogs,
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri snemmtæks stuðnings og samfelldrar þjónustu